



**Keilir**  
Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

## **Inngangur að viðskiptafræði 1 (INN2A06)**

### **Háskólabrú**

#### **Áfangalýsing**

Farið verður yfir grundvallaratriði og hugtök í bókfærslu, bókhaldi fyrirtækja og einstaklinga, t.d. merkingu og færslu bókhalds. Einnig verður farið yfir uppsetningu rekstrar- og efnahagsreikninga.

#### **Forkröfur**

Grunnskólapróf.

#### **Prep**

Áfanginn er á 2. þrepi.

#### **Einingafjöldi**

6 framhaldsskólæiningar (feiningar).

#### **Lokamarkmið áfangans**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- efnahagsjöfnunni
- grunnhugtökum í bókfærslu, s.s. debet, kredit, eignir, skuldir, gjöld og tekjur
- tvíhliða bókhaldi og almennum bókhaldsreikningum
- eðli bókhaldshringrásarinnar þ.e. frá því að bókað er í dagbók, fært yfir í aðalbók og að lokum eru efnahags- og rekstrarreikningar búnir til
- T-reikningum, launabókhaldi, FOB og CIF skilmálum, fylgiskjölum, álagningu og vöxtum
- reglum reikningsskilaráðs

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- flokka færslur og skilgreina sem eignir, skuldir eða eigið fé og sýna áhrif færslu á efnahagsjöfnuna
- bóka dagbókafærslur og færa yfir í aðalbók
- búa til efnahags- og rekstrarreikninga
- reikna út birgðastöðu út frá álagningu
- reikna og bóka launakostnað
- nýta reglur reikningsskilaráðs þegar fært er til bókar

- líta gagnrýnum augum á tölulegar upplýsingar

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- bóka hefðbundið bókhald fyrir lítið fyrirtæki
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og unnið með þau
- skrá lausnir sínar skipulega, skipts á skoðunum við aðra um þær og útskýrt hugmyndir sínar
- beita gagnrýnni og skapandi hugsun og sýnt frumkvæði og innsæi við lausnir
- beita skipulegum aðferðum við að leysa úr viðfangsefnum, s.s. útfrá þekkingu á lausnum svipaðra dæma, unnið til baka frá þekktum stærðum eða með því að setja upp jöfnur (t.d. þegar unnið er með birgðir)

### **Námsmat áfangans**

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til lokaeinkunnar.